

56 skuli koma til nefndarinnar og um leið taka það fram, ef einhvers sérstaks er krafizt 14. apríl til þess að geta komið til greina við úthlutun verðlaunanna.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi skal borin undir hreppsnefnd Dyrhólahrepps og sýslumanninn í Skaftafellssýslu til samþykkis.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá því æðsta valdi á Íslandi, sem með slík mál fer og hún síðan birt í Stjórnartíðindunum.

Reykjavík, Eskifirði, Vestmannaeyjum, í febrúarmánuði 1944.

Friðrik Þorsteinsson, Ránargötu 2, Reykjavík, 16. febr. 1944.

pr. Gróa Sigríður Þorsteinsdóttir Einarsson, Osland P. O., B. C., Canada,

Friðrik Þorsteinsson.

Elin Ragnheiður Þorsteinsdóttir, Eskifirði, 20. febr. 1944.

Elin Þorsteinsdóttir, Löndum í Vestmannaeyjum, 28. febr. 1944.

Matthildur Þorsteinsdóttir, 28. febr. 1944.

57

17. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

16. gr. B 5 orðist svo:

Fyrning.

Ef kostnaðarverð hlutar er nefnt a, verð hlutarins, eða eftir atvikum áætlað verð hans, þegar hann verður lagður niður c, og tala þeirra ára, sem hluturinn

endist eða ætla má að hann muni endast b, skal árleg fyrning teljast $\frac{a-c}{b}$

Ef hlutur verður ónýtur áður en afskrift hans er lokið, skal færa eftirstöðvar af afskrift hans til gjalda það ár, sem hluturinn verður ónýtur.

Ef hlutur er seldur hærra verði en hann er fyrndur niður í, skal mismunurinn á söluverði hans og eftirstöðvum af afskrift hans teljast skattskyldar tekjur. Þetta á þó ekki við um fyrningu á fasteignum og skipum.

Ef eignarréttur til einhvers hlutar er takmarkaður við vissan árafjölda, þannig að aðili verður að láta eignina af hendi eða eyðileggja hana innan ákveðins tíma, endurgjaldslaust eða án þess að fullar bætur komi fyrir, má miða fyrningu hlutarins við þann tíma, sem eignin á eftir að vera í eigu gjaldanda.

Afskrift skal því aðeins telja til frádráttar tekjum, að fært sé svo fullnægjandi bókhald, að séð verði, hvernig hún er reiknuð og bókfærð, þannig að á hverjum tíma sé auðvelt að sannprófa hana.

Fyrningu skal reikna af kaupverði eða kostnaðarverði. Þó skal reikna fyrningu húsa, annarra en verksmiðjuhúsa og gróðurhúsa, af fasteignamati þeirra. Þegar gömul tæki eru keypt skal sérfróður maður meta endingarmöguleika þeirra og skal afskriftin miðuð við það mat. Þegar svo stendur á, má ákveða fyrningarhundraðstölu aðra en þá, sem ákveðin er fyrir sömu tæki ný.

Skip, sem eingöngu eru notuð til síldveiða, og önnur skip, sem eru í notkun aðeins 2—3 mánuði á ári hverju, skulu afskrifast með 90% af venjulegri ársfyrningu.

Ef tréskipi er lagt upp, þannig að það standi á landi ónotað árlangt eða lengur, skal það afskrifast með 75% af venjulegri ársfyrningu.

57
17. apríl

Eigi skal afskrifa stærri tæki, eða vélar, lengra niður en svo, að ætla megi, að niðurlagsverði sé náð, meðan tækin eða vélarnar eru notuð í rekstri. Smærri vélar og tæki, skrifstofuhúsgögn og bifreiðar, skal eigi afskrifa lengra niður en svo, að eftir standi venjuleg eins árs afskrift meðan hlutir þessir eru notaðir í rekstri, og kemur því síðasta ársafskrift fyrst til frádráttar tekjum þegar hlutirnir eru teknir úr notkun.

Ef skattanefnd telur eignir, sem fallið geta undir ýmsa fyrningarflokka, eigi nægilega aðgreindar í bókhaldi, skal hún reikna fyrningarahundraðshlutann svo sem öll eignin kæmi í þann fyrningarflokk, sem lægstan hefur fyrningarahundraðshlutann.

Fyrningarahundraðshluta þann, sem hér verður talinn, af eignum þeim, sem hér á eftir eru taldar, og hliðstæðum þeirra, skal leyfa sem hámarksafskrift.

Bifreiðar.

Leigubifreiðar (Drossíur)	20 %
Læknabifreiðar	15 —
Strætisvagnar og áætlunarbifreiðar til langferða ..	20—25 —
Vörubifreiðar	20 —

Byggingar.

Benzíngeymar og dælur til benzínsölu	10 %
Bryggjur úr timbri (eftir staðháttum)	8—10 —
Gróðurhús	10 —
Loðdýrabúr og tilheyrandi girðingar	15 —
Stálgeymar (Tankar)	4 —
Steinsteyptir geymar (Tankar)	3 —
Steinhús	2 —
Timburhús	4 —
Torfhús	4 —
Verksmiðjuhús má fyrna með hærri prósentu, ef ástæða þykir til að mati skattanefndar, þó ekki hærri en	4 —
Verksmiðjuhús fyrir síldar- og fiskiðnað	4 —
Verksmiðjuhús, sem notuð eru til fisk- og kjötfrystingar eingöngu, allt að	10 —

Efna- og matvöruviðnaðarvélar.

Brauðgerðarvélar	6 %
Brjóstsykursgerðarvélar	6 —
Bökunarofnar	5 —
Fóðurlöndunarárvélar	8 —
Kaffibrennsluvélar	8 —
Kaffibætisgerðarvélar	8 —
Kexgerðarvélar	6 —
Kjötmetisgerðarvélar	8 —
Kornmylluvélar	8 —
Málningarverksmiðjuvélar	6 —
Mjólkurbúsvélar	8 —
Niðursuðuverksmiðjuvélar	8 —
Sápugerðarvélar	6 —

57
17. apríl

Smjörlikisgerðarvélur	8 %
Súkkulaði- og konfektgerðarvélur	6 —
Þvotta- og tauhreinsunarvélur	8 —

Fiskiðnaðarvélur.

Fiskimjölsverksmiðjuvélur	12 %
Lifrarbræðsluvélur	12 —
Fiskþurrkunarvélur (m/aflvél)	12 —
Síldarverksmiðjuvélur	12 —

Frystivélur.

Frystivélur	15 %
Hraðfrystivélur	20 —

Landvinnuvélur.

Dráttarvélur (Traktor) og skurðgröfur	20—25 %
Landbúnaðarvélur	10—15 —

Leðuriðnaðarvélur.

Skógerðir	10 %
Sútunarverksmiðjuvélur	12 —

Málmiðnaðarvélur.

Bifreiðaverkstæðisvélur	10 %
Blikksmiðjuvélur	8 —
Dósaverksmiðjuvélur	8 —
Farandþrýstilofttæki	15 —
Lofþjöppur og þrýstilofttæki	10 —
Málmbæðsluofnar	10 —
Mótorverkstæðisvélur	10 —
Plötusmiðjuvélur	10 —
Stáltunnugerðarvélur	8 —
Vélsmiðjuvélur	10 —

Prentsmiðu- og bókbandsvélur.

Áhöld (Inventar)	5 %
Bókbandsvélur	7 —
Prentletur	15 —
Prentvélur	10 —

Rafstöðvar.

Olíuhreyfilsstöðvar	8 %
Vatnsaflsstöðvar	4 —

Skip.

Dieselmótorskip úr stáli m/vél	12 %
Farþegaskip úr stáli m/vél	8 —
Fiskiskip úr stáli m/vél	12 —
Mótorvélur í fiskiskip	20 —
Opnir bátar	15 —
Seglskip	7 —

Skip úr eik án vélar	12 %
Skip úr furu án vélar	15 —
Tankskip m/vél	10 —
Vöruflutningaskip úr stáli m/vél	8 —

57

17. apríl

Skipasmíðastöðvar.

Dráttarbraut	10—12 %
Járnsmiðjur við skipasmíði	10 —
Svitakistur	15 —
Trésmíðavélar	10 —

Tóvinnuvélar.

Fatagerðir, saumavélar	10 %
Íampvinnsluvélar	8 —
Prjónavélar	10 %
Ullarverksmiðjur	12 —
Veiðarfæragerðarvélar	10 —

Tréíðnaðarvélar.

Húsgagnasmíðavélar	10 %
Kassagerðarvélar	10 —
Skiðasmíðavélar	8 —
Trésmíðavélar alls konar	10 —
Tunnugerðarvélar	8 —

Ýmsar vélar og tæki.

Fólkslyftur	6 %
Hárgreiðslustofuvélar	15 —
Hótel-innbú (annað en borðbúnaður)	5 —
Kranastell úr stáli	5 —
Kvikmyndasýningarvélar	10 —
Lækningatæki	8 —
Pípugerðarvélar og áhöld	8 —
Röntgentæki	10 —
Skrifstofuvélar og áhöld	8 —
Steypuvélar	12 —
Vörulyftur	8 —

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má víkja frá þessum almennu reglum um fyrningarhundraðshlutann og sker rikisskattanevndin úr um réttmæti þeirra undantekninga.

Fyrning á eignum skal reiknuð árlega og talin til frádráttar án tillits til hagnaðar eða taps gjaldanda.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerð nr. 219 21. desember 1939 og reglugerð nr. 27 25. febrúar 1943, eru úr gildi numdar.

57

Bráðabirgðaaákvæði.

17. apríl Við álagning tekju- og eignarskatts árið 1944 skulu gilda ákvæði reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 17. apríl 1944.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

58

18. apríl

REGLUGERÐ

fyrir rafveitu Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Súðavíkurhreppur tekur einkaleyfi á framleiðslu og sölu rafmagns til ljósa, samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Einkaleyfið nær yfir það svæði, er raftaugar hreppsins koma til með að ná yfir. Þó er íshúsinu Frosta h.f., sem nú þegar hefur rafstöð, heimilt að framleiða rafmagn til eigin nota við starfrækslu íshússins.

2. gr.

Hreppurinn selur hverjum sem vill rafmagn innan þessa svæðis meðan orka leyfir. Stærð rafals verður 10 kílóvött, og verður hann drifinn með vélaafli.

3. gr.

Stjórn rafveitunnar hefur hreppsnefnd Súðavíkurhrepps. Hún ræður stöðvarstjóra og hefur eftirlit með störfum hans. Reikningar rafveitunnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem hreppsnefnd kys til eins árs í senn. Reikningsár rafveitunnar skal vera það sama og hreppsins.

4. gr.

Reksturstími rafveitunnar er frá byrjun september til aprílloka, og verða ljós kveikt kl. 8 að morgni og slökkt kl. 11 að kvöldi. Stöðin verður ekki í gangi þann tíma dags, sem lesbjart er í húsum um getið tímabil. Þurfi einhver að fá ljós á öðrum tíma, en um getur hér að framan skal það veitt, en aðeins gegn auka borgun.

5. gr.

Húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalálmu allt að 35 metra. Það, sem fram yfir er, kostar húseigandi. Séu sérstakir örðugleikar við lagningu húsálma, getur rafveitan krafizt endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af því leiðir, en ef svo stendur á skal gera hlutaðeigandi aðvart um það fyrirfram. Raflagnir á bryggju og aðra staði, þar sem þeim er hætt við skemmdum, verða eigi lagðar nema á kostnað hlutaðeiganda.

6. gr.

Rafmagnið verður selt eftir mælum eða gegn samningum ef henta þykir. Hlutaðeigandi verður sjálfur að kaupa mæli. Skylt er rafveitunni að rannsaka á sinn kostnað, hvort mælar séu réttir, og einnig er stöðvarstjóra heimilt að láta athuga mæla svo oft, sem honum þurfa þykir. Einnig skal taka til greina beiðnir ljósnotanda í þessu sambandi, ef álitid er að þær séu á rökum byggðar.